

Reykjavík, 14. desember 2021

Tilvísun: 2021120030/10.5.1

Síminn hf.  
B.t. Baldurs Viðars Baldurssonar  
Ármúli 25  
108 Reykjavík**Efni: Bókun um endurnýjun tiltekinnar tíðniheimilda Símans**

Í febrúar og mars á næsta ári renna úr gildi talsverður fjöldi tíðniheimilda á íslenskum fjaraskiptamarkaði. Með bréfi, dags. 13. september 2021, sótti Síminn hf. um endurnýjun á öllum tíðniheimildum félagsins sem renna út á fyrrnefndu tímabili og á árinu 2023.

Fjaraskiptastofa (FST) hefur nú tekið afstöðu til umsóknar Símans hf. á grundvelli 2. mgr. 23. gr. reglugerðar 1047/2011. Í samræmi við meginreglu þess ákvæðis endurnýjar Fjaraskiptastofa þær tíðniheimildir fyrir háhraða farnet sem taldar eru upp í töflunni hér að neðan til **31. mars 2023**:

Tíðnisvið	Stærð	Útgáfudagur	Rennur út	Svæði	Tíðnir
900 MHz	2x10	13.2.2017	13.2.2022	Allt landið	904,9-914,9 / 949,9-959,9 MHz
1800 MHz	2x15	14.2.2012	30.3.2022	Allt landið	1710,1-1725,1 / 1805,1-1820,1 MHz
2100 MHz	2x15+5	30.3.2007	30.3.2022	Allt landið	1920-1935 / 2110-2125 MHz 1915 – 1920 MHz
2100 MHz	2x5	7.7.2017	30.3.2022	Allt landið	1935-1940 / 2125-2130 Mhz

FST efndi til opins samráðs um framangreinda ráðstöfun sína, sbr. niðurstöðuskjal sem birt var þann 9. desember s.l. Eins og þar kom fram hyggst stofnunin ekki endurnýja tíðniheimild Símans hf. til svo kallaðra viðbótartíðna á 900 MHz tíðnisviðinu (2x5 MHz að stærð), sem ætlaðar voru til útfösunar á eldri farnetstækni, nema að tilteknum skilyrðum uppfylltum, þ.e. að Síminn nái samkomulagi við Nova hf. um samnýtingu á þessum tíðnum.

Stofnunin hyggst fljótlega kalla tíðnirétthafa farnetsþjónustu saman til fundar til að ræða gerð samræmdrar og tímasettrar áætlunar um útfösun á GSM og 3G þjónustum. Samkomulag aðila er forsenda fyrir því FST gefi út slíka útfösunaráætlun og endurnýi viðbótartíðnir Símans á 900 MHz til ársins 2025.

FST vonast til að geta endurnýjað framangreindar tíðniheimildir og þær sem renna út á árinu 2023 til lengri tíma eða allt að 20 ára þegar forsendur fyrir því hafa skapast. Að þessu uppfylltu verður það sett í ferli næsta sumar og fram á haust.

Ekki eru gerðar breytingar á skilmálum þeirra heimilda sem nú er verið að endurnýja til skamms tíma. Bréf þetta gildir sem bókun við tíðniheimildirnar um framlengdan gilstíma þeirra til **31. mars 2023** og verður birt á viðeigandi stað um tíðniheimildir fjaraskiptafyrirtækja á vefsíðu FST.

Virðingarfyllt,